

Lykilupplýsingaskjal

Dagssetning: 1.1.2023

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þessa fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingagjöfin er lögbundin og veitt í þeim tilgangi að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap af afurðinni og hjálpa þér að bera hana saman við aðrar afurðir.

Grunnupplýsingar og afurð

Lífsverk 3, séreignaleið Lífsverks lífeyrissjóðs

Lífsverk lífeyrissjóður, kt. 430269-4299, Engjateigi 9, 105 Reykjavík, s: 575 1000.

Netfang: lifsverk@lifsverk.is, heimasíða www.lifsverk.is.

Lífsverk lífeyrissjóður heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Dagsetning lykilupplýsingaskjals: 1.1.2023

Þú ert við það að gera samning um afurð sem er ekki einföld og erfitt gæti verið að skilja.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund afurðar: Lífsverk 3 er séreignasjóður í samræmi við II. kafla laga nr. 129/1997. Leiðin er rekin undir Lífsverki lífeyrissjóði. Sjóðfélagar hafa val um að greiða 4% af heildarlaunum í séreignasjóði og fá þá mótframlag frá launagreiðanda sem getur numið allt að 2% til viðbótar.

Markmið afurðar og hentugleiki: Lífsverk 3 er skuldabréfaleið þar sem áhersla er lögð á fjárfestingar í seljanlegum skuldabréf. Leiðin hentar vel fyrir þá sjóðfélaga sem vilja draga úr áhættu og eru að nálgast töku lífeyris.

Við fjárfestingar fyrir séreignardeildir þarf að gæta þess að velja auðseljanleg bréf þar sem réttihafar geta óskað eftir flutningi innstæðna til annarra vörsluaðila eða á milli leiða með skömmum fyrirvara. Leiðin fjárfestir því nær eingöngu í vel seljanlegum verðbréfum sem og seljanlegum verðbréfa- og fjárfestingasjóðum. Fjárfestingar leiðarinnar taka mið af tegundaflokkum 1.-6. töluliðar 36. gr. laga nr. 129/1997 með síðari breytingum. Nánari útlistun á stefnu og tegundaflokkum leiðarinnar má finna í fjárfestingarstefnu Lífsverks sem er aðgengileg á heimasíðu Lífsverks.

Fjárfestingum leiðarinnar er beint að þeim fjárfestingarkostum sem eignastýrendur telja líklegast að skila bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Þá er horft til áhættustýringar við val á eignum með hliðsjón af landsvæðum, atvinnugreinum, útgefendum og gjaldmiðlum. Lífsverk hefur sett fram aðgengilega stefnu um ábyrgar fjárfestingar og er tekið tillit til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat á fjárhagslegri áhættu fjárfestingarkosta í samræmi við stefnu sjóðsins.

Markhópur afurðar, almennir fjárfestar: Lífsverk er opinn lífeyrissjóður fyrir háskólamenntaða. Allir sem hafa lokið grunnnámi á háskólastigi geta sótt um aðild að sjóðnum. Sjóðfélagar hafa val um að greiða 4% af heildarlaunum í séreignasjóði og fá þá mótframlag frá launagreiðanda sem getur numið allt að 2% til viðbótar. Leiðin hentar vel fyrir þá sjóðfélaga sem vilja draga úr áhættu og eru komnir á miðjan starfsaldur.

Hverjar eru hætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

Áhættuvísir



Áhættumælikvarðinn mælir áhættuna út frá sögulegum og væntum verðsveiflum. Flokkunin byggist á sveiflum í ávöxtun í fortíð en flokkunin mælir ekki almenna áhættu við fjárfestingu í leiðinni. Matið byggir á staðalfrávikum sögulegrar ávöxtunar sem er mælikvarði á sveiflum í ávöxtun. Leið þar sem sveiflur í ávöxtun eru litlar, fær flokkunina 1 en leið þar sem sveiflur í ávöxtun eru mestar fær flokkunina 7.

Lægsta áhættuflokkunin merkir ekki að fjárfestingin sé áhættulaus. Áhættuflokkunin er ekki tryggð og gæti breyst. Söguleg ávöxtun er hvorki áreiðanleg vísibending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Áhættumælikvarðinn er ekki almenn lýsing á þeirri áhættu sem fylgir fjárfestingu í leiðinni. Öllu heldur er um að ræða tölfræðilega, hlutbundna lýsingu á einum þeirra áhættuþátta sem kunna að vera til staðar við fjárfestingu í slíkum fjármálagerningi. Þessi fjárfestingarleið felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins svo að þú gætir tapað allri fjárfestingu þinni. Ef Lífsverk getur ekki greitt út úr Lífsverki 3 þá gætirðu tapað allri fjárfestingu þinni. Endurgreiðsla höfuðstóls er því ekki tryggð.

Árangurssviðsmyndir

Taflan sýnir niðurstöður mismunandi sviðsmynda og mögulegar útgreiðslur komi til innlausna. Gert er ráð 100.000 kr. innborgun í byrjun tímabils.

Fjárfesting 100.000 kr í byrjun tímabils		1 ár	3 ár
Álagssviðsmynd	Mögulegar endurheimtur	96.096	95.778
	Meðalnafnávöxtun á ári	-3,9%	-1,1%
Óhagstæð sviðsmynd	Mögulegar endurheimtur	102.560	123.401
	Meðalnafnávöxtun á ári	2,6%	5,4%
Hófleg sviðsmynd	Mögulegar endurheimtur	105.160	126.387
	Meðalnafnávöxtun á ári	5,2%	6,0%
Hagstæð sviðsmynd	Mögulegar endurheimtur	106.458	129.704
	Meðalnafnávöxtun á ári	6,5%	6,7%

Útreikningarnir byggja á sögulegri þróun gengis leiðarinnar og því er ekki um spá að ræða. Ekki er um nákvæma útreikninga að ræða fyrir hvern og einn viðskiptavin þar sem aðstæður hvers og eins geta verið mismunandi.

Hvað gerist ef Lífsverk getur ekki greitt út?

Þú getur orðið fyrir fjárhagstjóni ef Lífsverk 3 getur ekki greitt út séreignarsparnaðinn í heild eða hluta til þín. Þar sem Lífsverk 3 er verðbréfaléið með áherslu á skuldabréf og jafnframt með heimildir í hlutabréfum myndi slíkt fjárhagstjón almennt ekki falla undir tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta skv. lögum nr. 98/1999.

Hver er kostnaðurinn?

Við fjárfestingu í Lífsverk 3 skal hafa eftirfarandi í huga varðandi þann kostnað sem sjóðfélagar verða fyrir.

- Enginn dreifingarkostnaður er á Lífsverk 3, þar með engin sölulaun greidd, enginn upphafskostnaður eða hlutfall af iðgjöldum sem fer í kostnað.
- Enginn kostnaður er vegna flutnings á milli fjárfestingarleiða Lífsverks.
- Fjárfestingagjöld, umsýsluþóknun og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er dreginn frá gengi leiðarinnar mánaðarlega.

Kostnaður yfir tíma

Fjárfesting 100.000 kr í byrjun tímabils	1 ár	3 ár
Heildarkostnaður kr.	400	1.274
Áhrif á ávöxtun á ári (RIY)	0,39%	0,39%

Samsetning kostnaðar

Taflan hér að neðan sýnir:

- Árleg áhrif af mismunandi tegundum kostnaðar við ávöxtun fjárfestingar sem þú gætir þurft að greiða í lok ráðlags fjárfestingartíma.
- Merking mismunandi kostnaðarflokka.

Taflan sýnir áhrif á ávöxtun leiðarinnar á hverju ári			Skýring
Stakur kostnaður	Inngöngukostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar.
	Útgöngukostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar við að innleysa fjárfestingu þína þegar hún fellur í gjalddaga
Viðvarandi kostnaður	Viðskiptakostnaður eignasafns	0,02%	Áhrif kostnaðar okkar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina
	Annar viðvarandi kostnaður	0,37%	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínum og kostnaðurinn sem er settur fram í II. þætti
Aukakostnaður	Árangurstengdar þóknarir	0,00%	Áhrif árangurstengdra þóknana.
	Hlutdeild í hagnaði	0,00%	Áhrif hlutdeildar í hagnaði.

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími fyrir Lífsverk 3 er a.m.k. 2 ár. Lífsverk 3 er skuldabréfaleið sem hefur ekki heimild til kaupa í hlutabréfum og er því áhættuminnsta séreignaleiðin sem Lífsverk býður uppá. Leiðin hentar vel þeim sjóðfélögum sem vilja draga úr áhættu og eru að nálgast eða eru byrjaðir töku lífeyris.

Hins vegar, við fjárfestingar fyrir séreignardeildir þarf að gæta þess að velja auðseljanleg bréf þar sem réttthafar geta óskað eftir flutningi innstæðna til annarra vörsluaðila eða á milli leiða með skömmum fyrirvara.

Séreignarsparnaður er laus til útborgunar við 60 ára aldur og hægt er að fá inneignina greidda í einu lagi eða með jöfnum mánaðarlegum greiðslum til þess tíma sem viðkomandi óskar eftir. Einnig má haga greiðslum eftir hentugleika. Við úttekt greiðist fullur tekjuskattur.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Þú getur lagt fram kvörtun til Lífsverks lífeyrissjóðs vegna afurðarinnar. Skila má inn kvörtun í gegnum síma 575-1000, í afgreiðslu sjóðsins að Engjateigi 9, 105 Reykjavík, eða á netfangið lifsverk@lifsverk.is.

Aðrar upplýsingar

Nánari upplýsingar um Lífsverk 3 má finna á www.lifsverk.is. Þar má finna ársreikning Lífsverks lífeyrissjóðs, fjárfestingarstefnu sjóðsins og reiknivél séreignar.